

Alþingi
Erindi nr. P 123/231
komudagur 24.11.98



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Gunnars Jakobssonar, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 1998.

Efni: Frumvarp til laga um sjálfseignarst. sem stunda atvinnurekstur (135. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um framangreint frumvarp. Verslunarráð telur að frumvarpið feli í sér réttarbót þar sem viðhlýtandi ákvæði um þessa tegund starfsemi hefur vantað í íslenska löggjöf hingað til. Verslunarráð vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins:

6. gr.:

Lagt er til að við 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: "Að öðru leyti fer um heiti sjálfseignarstofnunar eftir ákvæðum firmalaga eftir því sem við á."

7. gr.:

Orðalag 1. mgr. 7. gr. er misvísandi þar sem orðin "sem stundar atvinnurekstur" í nútíð stangast á við tilkynningarskyldu "áður en stofnunin hefur atvinnurekstur". Lagt er til að málsgreinin orðist svo:

"Stjórn sjálfseignarstofnunar sem ætlað er að stunda atvinnurekstur samkvæmt 3. gr. skal tilkynna hana til skráningar hjá sjálfseignarstofnanaskrá áður en atvinnurekstur hefst, þó eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu stofnskjals."

8. gr.:

Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu í 1. mgr. 8. gr. að til að sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur geti átt rétt hæfi þurfi þær að vera skráðar samkvæmt ákvæðum laganna. Í 2. mgr. 8. gr. segir síðan að þetta gildi ekki um þær stofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur við gildistöku laganna en hefja hann síðar. Ákvæði 2. mgr. virðist óþarft þar sem löggin taka eingöngu til stofnana í atvinnurekstri. Ef stofnun sem starfandi er við gildistöku laganna hefur atvinnurekstur síðar, ber að láta skrá hana til að hún hafi rétt hæfi sbr. lokamgr. 3. gr. Ákvæði 2. mgr. má hins vegar misskilja þannig að slík stofnun haldi

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564

Netfang: mottaka@chamber.is



sínu rétt hæfi til frambúðar óháð því hvort hún hefur atvinnurekstur eða ekki. Því er lagt til að **2. mgr. 8. gr. falli brott.**

Í 3. mgr. 8. gr. er mælt fyrir um að þeir sem gera löggerninga fyrir hönd sjálfseignarstofnunar fyrir skráningu hennar beri persónulega ábyrgð á þeim skuldbindingum sem til stofnast, en ábyrgðin færist yfir á stofnunina við skráningu hennar. Bent skal á að 42. gr. gerir ráð fyrir að skráning öðlist ekki gildi fyrr en tilkynnt hefur verið um hana í Lögbirtingablaði, nema gagnvart þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana. Því er lagt til að **síðari málslíður 3. mgr. 8. gr. orðist svo:** “Við tilkynningu um skráningu skv. 42. gr. færast skuldbindingar þó yfir á sjálfseignarstofnunina.”

9. gr.:

Til samræmis við ákvæði laga um einkahlutafélög og laga um hlutafélög er lagt til að áskilnaður um tilgreiningu á heimili og tilgangi í samþykktum í 9. gr. komi í beinu framhaldi af heiti stofnunar. Því er lagt til að **c- og d-liðir færist fram um einn staflið.**

Þá er lagt til að **b-liður verði að d-lið og orðist svo:** “*stofnendur og framlagsfé hvers um sig,*”

Í 31. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnun megi skipa endurskoðunarfélag í stað endurskoðanda eða skoðunarmanns. Eðlilegt er að um slíkt sé getið í samþykktum. Því er lagt til að **við h-lið bætist svohljóðandi málslíður:** “*Ef gert er ráð fyrir skipun endurskoðunarfélags skal þess getið sérstaklega.*”

Lagt er til að í stað orðsins “**tapi**” í j-lið komi: “*eða fara með ef tap verður á rekstri sjálfseignarstofnunarinnar*”.

10. gr.:

Í 1. mgr. 1. gr. kemur skýrt fram að lögin taki eingöngu til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Óþarft er því að tiltaka það sérstaklega í öðrum ákvæðum, sbr. 1. másl. 10. gr. Því er lagt til að **málslíðurinn orðist svo:** “*Stofnfé sjálfseignarstofnunar skal að lágmarki nema 2.000.000 kr.*”

Til samræmis við ákvæði ehfl. og hfl. er lagt til að **við greinina bætist svohljóðandi málslíður:** “*Nú uppfyllir sjálfseignarstofnun kröfu um lágmarksfjárhæð þegar hún er stofnuð og er henni þá ekki síðar skylt að hækka stofnfé í samræmi við endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari grein.*”

12. gr.:

Síðari málslíður 3. mgr. 12. gr. gerir ráð fyrir að endurskoðendur eða skoðunarmenn skuli gefa yfirlýsingu, áður en hækkan á stofnfé skv. b-lið 1. mgr. er ákveðin, að eðlilegt sé að slík framlög renni til hækkunarinnar fremur en til annarra þarfa stofnunarinnar. Þar sem b-liður 1. mgr. nær eingöngu til framlaga sem stofnunin hefur beinlínis þegið til hækkunar á stofnfé hljóta slíkir skilmálar að binda hana. Því er lagt til að **síðari málslíður 3. mgr. 12. gr. falli brott.** Að öðrum kosti er rétt að fella brott úr b-lið 1. mgr. orðin “til hækkunar á stofnfé”.



Svo virðist sem með 7. mgr. sé stefnt að því að ákvörðun um hækkun stofnfjár teljist ógild ef hún hefur ekki verið tilkynnt innan árs. Er það í samræmi við sambærilegt ákvæði um hlutfjárhækkun í ehfl. og hfl. Þar sem ákvæðið er íþyngjandi er mikilvægt að kveðið sé afdráttarlaust á um þetta. Því er lagt til að **2. og 3. másl. 7. mgr. 12. gr. orðist svo:** *“Hækkun stofnfjár skal framkvæmd áður en tilkynnt er og óðlast hún ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um hækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.”*

13. gr.:

2. mgr. 13. gr. hefur að geyma sambærilegt ákvæði um lækkun stofnfjár og hækkunarákvæði 7. mgr. 12. gr. Með sömu rökum og að ofan er því lagt til að í **stað síðari málsliðar 2. mgr. 13. gr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo:** *“Lækkun óðlast ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um lækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs fellur hún úr gildi.”*

Jafnframt er lögð til sú breyting á fyrri málslið 2. mgr. 13. gr. að í stað orðanna “frá endanlegu samþykki til lækkunar” komi: *“frá því hún er samþykkt.”* Samþykki er lagalegt hugtak og hlýtur ávallt að teljast endanlegt nema annað sé sérstaklega tekið fram.

15. gr.:

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. eru gerðar minni kröfur til almenns hæfis stjórnarmanna og framkvæmdarstjóra í sjálfseignarstofnunum heldur en hlutfélagalöggjöf gerir ráð fyrir. Þannig setur 42. gr. ehfl. skilyrði um að auk þess að vera lögráða og fjár síns ráðandi megi stjórnarmenn og framkvæmdastjórar ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutfélög, einkahlutfélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ekki verða séð rök fyrir því að þeir sem fara með fjármuni sjálfseignarstofnana sæti vægari hæfisskilyrðum í þessu efni.

Í 2. mgr. er fjallað um búsetuskilyrði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Meginreglan er að þeir séu búsettir hérlendis, en ráðherra þó heimilt að veita undanþágu frá því. Þá er tekið fram að búsetuskilyrði víki fyrir alþjóðlegum skuldbindingum um annað. Einungis EES-samningurinn hefur að geyma slíkar skuldbindingar í dag. Þar sem EES-undanþágan er sérstaklega tiltekin í 2. másl. 2. mgr. er óþarft að vera jafnframt með almenna tilvísun í alþjóðlegar skuldbindingar. Því er **lagt til að orðin “eða það leiði af alþjóðlegum skuldbindingum” í 1. másl. 2. mgr. 15. gr. falli brott.** Að öðrum kosti mætti fella 2. og 3. másl. 2. mgr. niður í heild sinni.

16. gr.:

Í 2. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir að geri stjórnarmaður sig sekan um “háttsemi” er gerir hann óhæfan til áframhaldandi setu í stjórninni skuli hann víkja úr henni. Skv. 17. gr. hefur ráðherra vald til að víkja stjórnarmanni frá í slíkum tilvikum ef hann fer ekki af sjálfsdáðum. Nauðsynlegt er að öll slík íþyngjandi ákvæði séu svo skýr sem kostur er. Hvorki kemur fram í ákvæðinu né í athugasemdum við það hvers konar háttsemi geti fallið hér undir. Er eingöngu átt við refsiverða háttsemi eða koma siðlausar athafnir líka til áliða? Þá kemur ekki fram hvort háttsemi þurfi að tengjast starfsemi sjálfseignarstofnunar. Í því sambandi má t.d. velja fyrir sér hvort það að framkvæmdastjóri verði persónulega gjaldþrota geti fallið hér undir. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í hlutfélagalöggjöf. Almennt er það



einungis ólögmat háttsemi sem getur leitt til refsikennndra viðurlaga, brottrekstrar eða sambærilegra úrræða lögum samkvæmt. Stundum er jafnframt gert ráð fyrir að háttsemi sem stríðir gegn sérstöðum siðareglum leiði áminningar eða jafnvel sviptingar starfsréttinda, sbr. t.d. lög um lögmennt og lög um endurskoðendur. Í 2. mgr. 3. gr. laga um verðbréfavíðskipti er gert ráð fyrir að hægt sé að synja starfsleyfis ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar hafa sýnt af sér háttsemi "sem gefi tilefni til að þeir misnoti aðstöðu sína". Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði þar sem segir að synja megi leyfis ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar hafa sýnt af sér háttsemi "sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt." Með hliðsjón af öllu framansögðu er lagt til að í stað 2. og 3. mgr. 16. gr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

"Geri stjórnarmaður sig sekan um háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að hann muni ekki sinna starfinu á forsvaranlegan hátt skal hann víkja úr stjórninni. Sama á við ef hann vegna langvarandi veikinda eða annarra forfalla getur ekki sinnt starfinu sem skyldi."

23. gr.:

Ákvæði 23. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að auk stjórnar geti verið starfandi sérstakt fulltrúaráð yfir sjálfseignarstofnun, er m.a. hafi eftirlit með stofnuninni. Slík fulltrúaráð yfir sjálfseignarstofnun hafa tíðkast í nokkrum mæli og er því eðlilegt að gera ráð fyrir þeim í lögnum. Ekki verður fallist á nauðsyn þess að girða fyrir að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar geti átt sæti í fulltrúaráði. Slík tilhögun getur verið fullkomlega eðlileg þar sem þessir aðilar eiga að hafa mikla þekkingu á öllu viðkomandi stofnuninni og starfsemi hennar. Sem dæmi má nefna að stjórn Verslunarráðsins hefur starfað sem eftirlitsaðili yfir Verslunarskóla Íslands og einstakir stjórnarmenn hafa jafnframt átt sæti í skólanefndinni. Það fyrirkomulag hefur gefist vel og tryggt góð samskipti á milli skólans og VÍ. Hins vegar má telja eðlilegt, með tilliti til þess eftirlitshlutverks sem fulltrúaráðinu er ætlað að sinna, að framkvæmdastjórnar og stjórnarmenn geti ekki skipað meiri hluta þess. Því er lagt að í stað orðanna "vera í fulltrúaráði" í 2. mgr. 23. gr. komi: "skipa meiri hluta fulltrúaráðs."

24. gr.:

Lagt er til að í stað orðanna "fundum stofnunarinnar" í 3. mgr. 24. gr. komi: "stjórnarfundum".

25. gr.:

Í 3. mgr. 25. gr. kemur fram að ráðherra geti veitt heimild fyrir óvenjulegum ráðstöfunum sem leiða af sér hættu á því að fyrirmælum samþykktar verði ekki fylgt. Af athugasemdum við greinina má ráða að höfundar frumvarpsins ganga út frá því að grandlaus þriðji maður geti við slíkt samþykki ráðherra misst bótarétt á hendur stjórnendum, sem hann ella hefði á grundvelli 28. gr. Varahugavert er út frá meginreglu skaðabótaréttar innan samninga að túlka ákvæðið það rúmt. Til að taka af allan vafa er lagt til að við 3. mgr. 25. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: "Samþykki ráðherra skerðir ekki rétt sem grandlaus viðsemjandi getur öðlast á grundvelli 28. gr."



29. gr.:

Í samræmi við góða lagatækni er lögð til sú breyting á **29. gr.** að í stað orðanna “laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum” komi: “laga um ársreikninga”.

31. gr.:

Í síðari málslið **1. mgr. 31. gr.** hefur láðst að geta um endurskoðunartélag. Ákvæðið eins og það stendur má því túlka svo að ráðherra skuli skipa endurskoðanda eða skoðunarmann jafnvel þótt stjórn hafi skipað endurskoðunartélag í samræmi við samþykktir. Því er lagt til að málsliðurinn orðist svo: “Sé þessari skyldu ekki fullnægt skal ráðherra, í samræmi við ákvæði samþykkt, skipa stofnuninni einhvern þeirra aðila sem um getur í fyrri málslið.”

Lagt er til að í stað orðanna “eða laga þessara” í **2. mgr. 31. gr.** komi: “laga um ársreikninga eða laga um endurskoðendur”. Tillagan er tilkomin þar sem engin hæfisskilyrði um endurskoðendur eða skoðunarmenn er að finna í ákvæðum frumvarpsins, en slík ákvæði eru hins vegar í ársreikningslögum og lögum um endurskoðendur.

VI. Kafli:

Lagt er til að **fyrirsögn VI. kafla verði: “Úthlutun”**. Í orðinu felst jafnt úthlutun hagnaðar sem fjármuna sem öðruvísi eru til komnir.

33. gr.:

Lagt er til að við **1. mgr. 33. gr.** bætist nýr málsliður sem orðist svo: “Úthlutun fjármuna skal vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar.” Ákvæði þetta, sem frumvarpið geymir í **1. mgr. 35. gr.** á betur við þarna þar sem **35. gr.** fjallar að öðru leyti um samskipti stofnunarinnar og stjórnar/starfsmanna hennar. Þá þykir réttara að tala um eðlilega úthlutun í stað í stað hóflegar þar sem síðarnefnda orðið vísar meira í efri mörk heimillar úthlutunar. Samkvæmt athugasemdum við **35. gr.** er ákvæðinu hins vegar ekki síður ætlað að ná til þess þegar of naumt er skammtað.

35. gr.:

Til samræmis við tillögur til breytinga á VI. kafla sem um getur að framan er lagt til að **1. mgr. 35. gr. falli brott** og númeraröð annarra málsgreina breytist samkvæmt því. Með hliðsjón af þessari breytingu og með vísun í efni ákvæðisins er lagt til að **35. gr.** verði **sérstakur kafli, VII. kafli, með fyrirsögninni: “Endurgjald og lán”**. Númeraröð annarra kafla breytist þá til samræmis. Loks er lögð til sú breyting á greininni að í stað “1-3. mgr.” í **4. mgr. 35. gr.** (er verði 3. mgr.) komi: “VI. og VII. kafli”.

36. gr.:

Lagt er til að orðið “Stofnendur” í upphafi **36. gr. falli brott**. Greinin mælir fyrir um bótaábyrgð stjórnarmanna og eftirlitsaðila sjálfseignarstofnunar. Stofnendur gegna ekki slíkum störfum nema vera til þess skipaðir. Að öðrum kosti verður að tilgreina stofnendur sérstaklega í 3. mgr. sem fjallar um málshöfðunarfresti, en það hefur láðst í frumvarpinu.



Í stað orðanna "ákvörðun var gerð, eða athöfnin" í fyrri málslið 3. mgr. 36. gr. komi: "ákvörðunin eða athöfnin". Um sams konar orðalag vísast í b-lið 1. mgr. 110. gr. efhl.

38. gr.:

Ganga verður út frá því að heimild fyrir ráðherra Hagstofu til að mæla fyrir um gjaldtöku í reglugerð nái einungis til beinna þjónustugjalda, þ.e. bóknunar fyrir veitta þjónustu. Í ákvæðinu er nefnt sem dæmi útgáfa vottorða og afnot af upplýsingum á tölvutæku formi. Hins vegar verður að ætla að ef innheimta á sérstakt skráningargjald, sem ráða má af kostnaðarumsögn við frumvarpið, þá verði fjárhæð þess gjalds lögfest í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Væri þá eðlilegt að mæla sérstaklega fyrir um þá tilhögun í ákvæði 38. gr. frumvarpsins.

39., 40. og 43 gr.:


Lagt er til að á eftir orðinu "endurskoðend(a)ur" í 6. tölul. 1. mgr. og 3. tölul. 3. mgr. 39. gr., 2. mgr. 40. gr. og 43. gr. komi í viðeigandi hætti og föllum: "endurskoðunarfélag".

45. gr.:

Lagt er til að 45. gr. falli brott þar sem það kemur fram þegar í 1. gr. að viðskiptaráðherra fari með mál er varða sjálfeignarstofnanir samkvæmt lögnum. Í því felst að sjálfsöğðu eftirlit með framkvæmd laganna. Þá skal bent á að í 49. gr. er ráðherra heimilað að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

Verslunarráð gerir ekki sérstakar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands.



Guðjón Rúnarsson